

Garvan og Ningbo hitaskynjarar



Lýsing

Hitaskynjarar eru ætlaðir sem viðbót við reykskynjara og ættu aðeins að staðsetjast á þeim stöðum, þar sem ekki er hægt að nota reykskynjara. Þeir vinna á 9V rafhlöðu (6LR61 eða 6F22), líftími rafhlöðu er um það bil 1 ár.

Þeir með 85db hljóðmerki eins og aðrir skynjarar, prufuhnapp og gaumljósi. Hitaskynjarar eru tilvaldir fyrir eldhús, bílskúra, kjallara, hitaklefa, þakherbergi (háaloft) og önnur þau rými þar sem eru yfirleitt gufur, reykur eða ryk sem útiloka notkun jónískra eða optískra reykskynjara vegna hættu á falskri viðvörðun.

Virgni

Það eru til fleiri en ein gerð af hitaskynjurum en sú gerð sem við bjóðum er gerð sem gefur frá sér viðvörðun þegar hitamörk eru 60°C (+/- 5°C).

Til eru aðrar gerðir sem gefa viðvörðun þegar hitastig hækkar mjög snögglega mjög mikið eins og um 15°C – 20°C eða hærra á einni mínútu.

Þegar skynjarar hafa verið staðsettir, blikkar lítið gaumljós (LED) sem er undir prufuhnappnum, u.þ.b.. á mínútu fresti við venjulega vinnslu. Ef Hann skynjar aukinn hita mun skynjarinn senda frá sér hátt sveiflutíðni hljóð þar til hitastig lækkar.

Prófun

Mælt er með að skynjarinn skuli prófaður vikulega. Ýtið og haldið við prufuhnappinn og skynjarinn mun gefa frá sér hljóð í u.þ.b. 7 sekúndur.

Þar sem ekki skyldi setja upp reykskynjara Hér eiga hitaskynjarar frekar að vera.

Í rými þar sem hiti fer undir 4°C eða yfir 38°C.

Í röku rými eða of nálægt baðherbergi þar sem raki og gufa geta sett skynjarana af stað.

Í rými þar sem engin loftræsting er.

Í bílskúr – útblástur bifreiða getur sett skynjara af stað.

Í rými þar sem mikill vindur eða gegnumtrekkur er.

Í rými sem er mjög rykugt eða skítugt.